

Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Vesturamtinu 8.—10. júní 1898.

Árið 1898, 8. júní, var aðalfundur amtsráðsins í Vesturamtinu settur og haldinn á Ísafirði af forseta þess, amtmanni Júlíus Havstein, ásamt amtsráðsmönnum Ásgeiri bónda Bjarnasyni á Knararnesi (úr Mýrasýslu), hreppstjóra dbm. Þórði Þórðarsyni á Rauðkollsstöðum (úr Snæfellsness og Hnappadalssýslu), sýslumanni Birni Bjarnasyni á Sauðafelli (úr Dalasýslu), Eyólfi kaupmanni E. Jóhannssyni í Flatey (úr Austurbarðastrandasýslu), síra Kristni Daníelssyni á Söndum (úr Vesturísafjarðarsýslu), sýslumanni Skúla Thoroddsen á Ísafirði (úr Norðurísafjarðarsýslu) og prófasti síra Páli Olafssyni á Prestbakka (úr Strandasýslu).

Úr Vesturbarðastrandasýslu var enginn amtsráðsmaður mættur.

Forseti lagði fram tilkynningar sýslumannanna í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Dalasýslu, Barðastrandasýslu og Vesturísafjarðarsýslu um kosningar amtsráðsmanna fyrir tímabilið frá 1. júní 1898 til 31. maí 1904, í stað þeirra, sem úr ráðinu skyldu ganga, að enduðum kjörtíma þeirra.

Kosnir höfðu verið:

1. Fyrir Mýrasýslu:

Amtsráðsmaður: Ásgeir bóndi Bjarnason í Knararnesi.

Varaamtsráðsmaður: Guðmundur bóndi Ólafsson á Lundum.

2. Fyrir Dalasýslu:

Amtsráðsmaður: sýslumaður Björn Bjarnason á Sauðafelli.

Varaamtsráðsmaður: síra Jóhannes L. L. Jóhannsson á Kvennabrekku.

3. Fyrir Austurbarðastrandasýslu:

Amtsráðsmaður: kaupmaður Eyjólfur E. Jóhannsson í Flatey.

Varaamtsráðsmaður: hreppstjóri Snæbjörn Kristjánsson í Hergilsey.

4. Fyrir Vesturísafjarðarsýslu.

Amtsráðsmaður: síra Kristinn Daníelsson á Söndum.

Varaamtsráðsmaður: prófastur síra Janus Jónsson á Holti.

Amtsráðið fann ekkert við kosningar þessar að athuga.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Vesturamtsins fyrir 1897, og var hann falinn amtsráðsmönnum úr Strandasýslu og Austurbarðastrandarsýslu til endurskoðunar.
2. Forseti lagði þvínaest fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Vesturamtsins fyrir 1897, og var hann falinn amtsráðsmönnum úr Norðurísafjarðarsýslu og Snæfellsness- og Hnappadalssýslu til endurskoðunar.
3. Þá var lagður fram reikningur yfir tekjur og gjöld búnaðarsjóðs Vesturamtsins fyrir 1897, og var hann fenginn í hendur amtsráðsmönnum úr Dalasýslu og Vesturísafjarðarsýslu til endurskoðunar.
4. Síðast var lagður fram reikningur yfir tekjur og gjöld bókasafns Vesturamtsins fyrir 1897, og var hann fenginn amtsráðsmanninum í Mýrasýslu til endurskoðunar.

5. Forseti lagði fram skipulagsskrá fyrir styrktarsjóðinn »Þorvaldar minning«, dagsetta 10. júní f. á., með staðfesting konungs, 16. sept. f. á., sem prentað er hvorttveggja í Stjórnartíðindunum 1897, B. bls. 217—218. Ennfremur var framlögð viðskiptabók sjóðsins við Söfnunarsjóð Íslands (nr. 270) og var styrktarsjóðurinn við árslok orðinn 4165 kr. 1 eyrir.
6. Forseti skýrði frá því, að hann samkvæmt áskorun amtsráðsins á fundi þess 9. og 10. júní f. á. hefði skrifað sýslumönnunum í Strandasýslu, Barðastrandarsýslu, að því leyti er austurhluta sýslunnar snertir, Dalasýslu og Snæfellsness og Hnappadalssýslu, 3. júlí f. á., og ennfremur sýslumönnunum í Borgarfjarðarsýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu og Árnessýslu í Suðuramtinu og bæjarfógetanum í Reykjavík, 5. júlí f. á., samkvæmt áskorun amtsráðsins í nefndu amti, og skipað svo fyrir, að öll fjárhús í lögsagnarumdæmum þeirra skyldi sótthreinsa á hinu yfirstandandi sumri, eptir leiðarvísi þeim, sem dýralæknirinn hefði útgefið, og í annan stað, að almennar fjárskoðanir og baðanir skyldu framfara jafnskjótt og fje kæmi af fjalli, og áður en það yrði látið í hús. Ef kindur fyndust með kláða, skyldu þær þegar teknar til lækninga og hafðar sjer, en allt fje af þeim heimilum, þar sem kláði fyndist, skyldi áltast sjerstaklega grunsamt, og sömuleiðis þeir fjárhópar, sem kláða-fje hefði gengið saman við, og skyldi hafa slíkt fje í gæzlu, og undirstöðugu eptirliti, en til tryggingar skyldi baða alt grunað fje aptur, þegar liðnir væru 10 dagar frá hinni fyrri böðun, og yfir höfuð bæri að ítreka skoðanir og baðanir eftir nánari skipun hlutaðeigandi lögreglustjóra, unz grunlaust væri. Að því leyti, er Ísafjarðarsýslu og Vestur-Barðastrandarsýslu snerti, voru aðeins fyrirskipaðar fjárskoðanir, og lögreglustjórum falið, að gjöra allar nauðsynlegar ráðstafanir samkvæmt löggjöfinni um kláða, ef hans skyldi verða vart við hinar framförnu skoðanir.

Það kom fljótt fram, að örðugleikar voru fyrir hendi, að því leyti, er snerti hreinsun fjárhúsa með klörgufubrælum samkvæmt leiðarvísi dýralæknisins, og komu til forseta málaleitanir úr ýmsum áttum um það, að sleppa mætti svolagaðri sótthreinsun, sem mönnum stóð stuggur af og sem menn hjeldu hættulega, sjerstaklega þar sem fjárhús og heyhlöður náðu saman, heldur vildu menn sótthreinsa með þvotti upp úr baðleginum, og úr klórkalksvökva eða rennsli. Forseti þóttist nú geta slakað nokkuð til í þessu tilliti, þar sem hann gekk út frá því, að aðalreglan um sótthreinsun húsa væri að finna í upphafinu á leiðarvísinum, þar sem segir fyrir um sótthreinsun með klórkalksrennsli og kreólinvatni eða karbólvatni, en brælnun skyldi viðhöfð þar sem fjárhúsveggir væri mjög holóttir, sem að vísu víðast hvar mun eiga sér stað. Ef hörgull á hreinsunarmedulum væri fyrir hendi, sem menn einnig báru við, leyfði forseti, að menn mættu fara eptir þeim reglum sem menn áður hefði notað við sótthreinsun fjárhúsa, en eftir þeim reglum skyldi fyrst flytja allt tað burt úr húsunum, hella sjódheitu vatni á jöturnar og á veggi, svo langt upp, sem kindin gæti náð til, því næst skyldi bræla húsið innan með því að brenna moði á gólfinu, svo loginn læsti sig um húsið og nógu langt upp eftir veggjunum; alla víði í húsinu skyldi tjarga eða kalka. Að end-

97

ingu skyldi viðra húsin og láta þau standa tóm nokkrar vikur, áður en látið yrði fje í þau aptur.

Eins og skýrslur lögreglustjóra, sem forseti lagði fram, bera með sér, hefir sóttbreinsun fjárhúsa orðið mjög ófullkomin og víðast hvar engin. Í skýrslunum úr Dalasýslu er sagt, að sóttbreinsun fjárhúsa þar hafi sumstaðar farið fram; í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hefir breinsunin víða farið fram, en helzt með því móti, að þaðlegi hefir verið stökkt innan um húsin um leið og fje var baðað. Í Árnessýslu hefir í flestum hreppum sýslunnar einhver sóttbreinsun farið fram, eftir því, sem sýslumaðurinn skýrir frá. Sú eina sýsla, þar sem veruleg gangskör hefir verið gjörð til þess að hreinsa fjárhús, er Snæfellsness- og Hnappadalssýsla, og hefir sóttbreinsun farið fram í öllum hreppum sýslunnar, en víðast hvar eptir eldri aðferðinni.

Að því leyti, er baðanir snertir, þá hafa þær framfarið alstaðar eptir hinum framkomnu skýrslum, og er það eflaust, að áhugi manna er almennt vaknaður á því að baða fé sitt. Í skýrslunni úr Dalasýslu er þess getið, að á einstökum stöðum muni að eins hafa verið borið í kindurnar, en þess er ekki getið, hverjar ráðstafanir hafi verið gjörðar af hálfu lögreglustjóra til þess að halda mönnum til hlýðni í þessu efni, það er að segja: til þess að baða. Í Neshreppi innan Ennis í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefðu menn einnig leyft sér að viðhafa áburð í stað þess að baða, en sýslumaður hefði í bréfi 13. apríl þ. á., sem var framlagt, skýrt svo frá, að hann hefði fyrirskipað almenna böðun sauðfjár þar í hreppi nú á þessu vori.

Að því leyti, er snertir heilbrigðisástand sauðfjárins, hvað kláða snertir, á því svæði, sem hér er spursmál um, samkvæmt hinum framkomnu skýrslum, þá er óhætt að fullyrða, að minna er um kláða nú, en verið hefir að undanfögnu. Þær sýslur, þar sem kláði helzt hefir gjört vart við sig, eru: Mýra- og Borgarfjarðarsýsla, Dalasýsla, Snæfellsness- og Hnappadalssýsla og Gullbringu- og Kjósarsýsla, að því leyti er snertir 2 hreppar. Samkvæmt skýrslu sýslumannsins í Dalasýslu, dags. 28. f. m., um árangurinn af skoðun þeirri, sem fram hafði farið í apríl, höfðu fundist 11 kindur alls með kláða. Skýrslan úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslu sýnir, að rúmlega 110 kindur hafa fundist með kláða við haustskoðanirnar, en um áramótin voru eigi fleiri með kláða, en 40—50. Til samanburðar skírskotaði forseti til þess, sem komið hafði fram við útflutning á sauðfé af Akranesi í nóv. 1896. Þá komu fyrir eigi færri en 64 kindur með kláða af 6794, og voru af þeim kláðakindum 56 úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sbr. Stjórnartíðindi 1897. B. bls. 109. Í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, þar sem kláði var allmagnaður á vorinu 1895, komu fram við skoðanir þær, sem fram fóru í apríl og maí þá, undir 200 kindur með kláða, auk nokkurra, sem grunaðar voru, en við skoðanirnar á síðastliðnu hausti komu fram alls 22 kindur með kláða. Í Ísafjarðarsýslu hafði enginn kláði komið fyrir við haustskoðanirnar, og í Barðastrandarsýslu höfðu að eins fundist 2 kindur með kláða. Í Árnessýslu hafði fundist kláði í 6 kindum. Í Mosfellshreppi

í Gullbringu- og Kjósarsýslu hafði fundist 1 kind með kláða, en við vorskoðun þá, sem nýlega hefir fram farið, höfðu fundist 2 kindur með kláða. Í Kjósarhreppi hefir borið nokkuð á kláða, en þó eigi að nokkrum verulegum mun.

Forseti skýrði þar næst frá því, að hann að meðteknum framangreindum skýrslum, hefði látið sjernægja að skrifa sýslumönnunum í Stranda-, Ísafjardar-, Barðastrandar-, Snæfellsness- og Hnappadals- og Árnessýslu á þá leið, að hann eigi fyndi ástæðu til að fyrirskipa sérstakar ráðstafanir gegn fjárkláða í þeirra lögsagnarumdæmum nú á þessu vori, en vildi fela þeim að hafa gætur á heilbrigðisástandi sauðfjárins, fyrirskipa almennar skoðanir og gjöra aðrar ráðstafanir eftir því, sem fyrirmælt væri í tilsk. 5. jan. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, ef þeim skyldi sýnast nauðsyn til þess. Aftur á móti hafði forseti í marzmánuði skrifað sýslumönnunum í Dala-, Mýra- og Borgartjardar-, og Gullbringu- og Kjósarsýslu að láta almennar fjárskoðanir fram fara í þeim sýslum á þessu vori, og falið þeim eftir árangrinum af skoðununum að gjöra nauðsynlegar fyrirskipanir um aðskilnað sjúks og grunaðs fjár frá heilbrigðu.

Forseti bar þar næst undir amtsráðið, hverjar ráðstafanir mundu til-tækilegastar gagnvart fjárkláðanum að haustinu til og framvegis. Jafnframt lagði hann fram bréf sýslumannsins í Strandasýslu, dags. 25. apríl þ. á., sem hefir inni að halda ágripsendurrit af gjörðabók sýslunefndarinnar þar, viðvíkjandi fundarhaldi hennar 13.—16. apríl þ. á., og óskar nefndin eptir, að amtmáður fyrirskipi almennar baðanir næsta haust bæði í Strandasýslu og í nærliggjandi sýslum. Jafnframt skýrði nefndin svo frá, að henni hefðu borist áskoranir um að kvarta yfir því, að hinar fyrirskipuðu fjárbaðanir síðastliðið haust hefðu verið vanræktar í Dala- og Barðastrandarsýslum, og yfir því, að Ísafjardarsýsla hefði verið undanþegin því af láta baða, þaræð frjettzt hefði að fé hefði drepist þar af kláða (í Nauteyrarhreppi). Ennfremur hefði sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu í bréfi til amtsins, dags. 25. febr. þ. á., sem áður hefði verið framlagt, skýrt svo frá að Skógstrendingar hefðu að sögn í 3 ár mátt horfa upp á það, að nágrönnum þeirra (í Hörðudalshreppi innan Dalasýslu) hefði að ósekju haldist uppi, að leggja undir höfuð sér þær fyrirskipanir gagnvart fjárkláða, sem þeim (Skógstrendingum) hefði verið haldið til að hlýða. Forseti kvaðst hafa skrifað hlutaðeigandi lögreglustjórum út af þessu og heimtað skýrslu þeirra um þessar umkvartanir.

Amtsráðsmaðurinn í Dalasýslu gaf þegar nokkrar upplýsingar þessu viðvíkjandi á sjálfum fundinum, og fulltrúinn úr Norðurísafjardarsýslu lýsti því yfir, að hann hefði sögusögn áreiðanlegra og kunnugra manna úr Nauteyrarhreppi fyrir því, að það væri svo langt frá að kindur hefðu drepist þar úr kláða, að þar hefði enginn kláði fundizt.

Amtsráðið ályktaði að skora á forseta, að láta almennar fjárskoðanir og baðanir fram fara á komandi hausti með sama móti sem í fyrra í öllum sýslum amtsins nema Ísafjardar- og Vesturbarðastrandarsýslum, en

97. lögreglustjórum í þeim sýslum skyldi fyrirlagt að hafa sem nákvæmastar gætur á heilbrigðisástandi sauðfjárins, og ef þeim þætti nauðsyn til bera, aðfyrirskipa skoðanir og gjöra allar þær ráðstafanir, sem gjört er ráð fyrir í tilskipun 5. jan. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi. Böðunum skyldi vera lokið fyrir jól, og skyldu skýrslur lögreglustjóra um árangurinn af skoðununum og böðununum, sem sýndi, hvernig heilbrigðisástand fjárins væri í hverjum hreppi, vera komnar til forseta ráðsins fyrir lok febrúarmánaðar.

Forseti lagði að endingu fram brjef landshöfðingja, dags. 14. maí þ. á., þar sem leitað er álits amtsráðsins um væntanlegt frumvarp til laga um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, sem skyldi koma í stað frumvarps þess, sem alþingi hafði samþykkt 1897, en sem synjað hafði verið konungsstaðfestingar á, sbr. brjef stjórnarráðsins fyrir Ísland, 14. apríl þ. á., (Stjórnartíðindi 1898, B. bls. 79—81).

Amtsráðið ályktaði að kjósa 3. manna nefnd til þess að láta uppi álit sitt um málefni þetta áður en fundi væri slitið. Í nefndina voru kosnir:

Þórður dbrm. Þórðarson,
prófastur síra Páll Ólafsson og
sýslumaður Skúli Thoroddsen.

7. Samkvæmt ályktun amtsráðsins á fundi þess 9.—10. júní f. á. (sbr. Stjórnartíðindi 1897 B. bls. 111), hafði forseti leitað álits allra sýslunefndanna um frumvörp þau til reglugjörðar fyrir hreppsnefndir um eftirlit með heilbrigðisástandinu manna á milli, sem þeir héraðs-læknarnir D. Sch. Thorsteinsson í Stykkishólmi og Guðmundur Björnsson í Reykjavík höfðu samið eftir áskorun forseta. Þessi álit sýslunefndanna voru framlögð, og eru þær allar mótfallnar því, að slíkar reglugjörðir yrðu útgefnar nema sýslunefndin í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, þar sem óframkvæmanlegt væri að framfylgja þeim eftir því, hvernig tilhagaði hér á landi, og mundu slíkar reglugjörðir ekki hafðar að neinu eða eigi koma að tilætluðum notum, enda væru störf hreppsnefnda þegar orðin allumfangsmikil. Aftur á móti höfðu sýslunefndirnar í Vesturísafjardarsýslu, og Mýrasýslu vakið máls á því, að það mundi heppilegt, að prentaðar yrði leiðbeinandi reglur, sem gengju í sömu átt sem reglugjörðarfrumvörpin, til útbýtingar meðal alþýðu. Sýslunefndin í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hafði áliðið það æskilegt, að slíkar reglur yrði settar, en þær gætu þó að eins orðið leiðbeinandi, þar sem lagaheimildina vantaði til þess að þær yrði skuldbindandi fyrir menn. Nefndin hafði með þetta fyrir augum gjört nokkrar breytingartillögur við frumvarp það, sem héraðslæknir D. Sch. Thorsteinsson hafði samið, en jafnframt stungið upp á að gjörð yrði einhver ráðstöfun til, að landsstjórnin hlutaðist til um, að undirbúið yrði til næsta alþingis frumvarp til laga, er legði hegning við brotum á reglugjörðum þeim um heilbrigðismál, sem settar kynnu að verða samkvæmt 15. gr. tilsk. 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi.

Forseti gat þess einnig, að 3 sýslunefndirnar í Suður-amtinu hefðu **97** heldur lagt á móti því, að slíkar heilbrigðisreglugjörðir yrðu útgefnar.

Eftir þessum undirtektum ályktaði amtsráðið að hverfa frá því, að setja slíkar reglugjörðir, enda vantaði alla heimild til þess, að búa þær svo út, að þvingun yrði beitt, ef menn óhlýðnuðust þeim. Aftur á móti var forseta falið að biðja landlækni um að semja leiðbeinandi reglur og ráðleggj-ingar, snertandi almennt hreinlæti og heilbrigði manna á milli; skildu: reglur þessar prentaðar á kostnað jafnaðarsjóðs og þeim útbýtt manna á milli.

8. Framlagt var frumvarp til samþykta fyrir Strandasýslu um vörn gegn útbreidslu berklasýkinnar, sem hjeradslæknirinn í 7. læknishjeradi hafði sent sýslunefndinni í Strandasýslu, og beðið hana um að staðfesta, en sem nefndin hafði sent amtsráðinu með þeirri ósk, að það tæki frumvarpið, að svo miklu leyti, sem því þætti við eiga, upp í heilbrigðisreglugjörð, sem út kynni að verða gefin. Amtsráðið áleit, að það hefði ekkert vald til þess, að gefa út slíka samþykkt, og eftir eðli sínu ættu ákvæði hennar ekki við í þeim heilbrigðisreglugjörðum, sem amtsráðið hefði vald til að gefa út. Ennfremur hafði sami læknir sent amtsráðinu beina leið frumvarp til samþykta um heilbrigðisnefndir.
9. Með skírskotun til þess, sem gjörst hafði á fundi amtsráðsins 9. og 10. júní f. á., viðvíkjandi væntanlegri hluttekning Vesturamtsins í búnaðarfjelagi Suðuramtsins, skýrði forseti frá því, að hann og amtsráðsmaður Skúli sýslumaður Thoroddsen hefðu mætt á fundi fjelagsins 5. júlí f. á. svo sem fulltrúar amtsráðsins, og lagði hann nú fram ársskýrslu nefnds búnaðarfjelags fyrir 1897, en eins og sagt er frá í henni, hafði sú ályktun verið gjörð á fundinum, að stjórn fjelagsins skyldi ganga í nefnd með þeim mönnum, sem tilnefndir voru af amtsráðum landsins, til að ræða um stofnun allsherjar búnaðarfjelags fyrir land allt, sem búnaðarfélag Suðuramtsins hyrfi inni, og semja frumvarp til laga fyrir slíkt félag; Þessir menn áttu svo nokkra fundi með sér til að ræða málið og undirstöðu laganna fyrir félagið; því næst voru kosnir 3 menn í nefnd til að búa til frumvarp, og var frumvarp þetta síðan rætt á fundi. Forseti útbýtti frumvarpi þessu meðal amtsráðmannanna, og var málið svo tekið til umræðu.

Málinu var vísað til 3 manna nefndar, sem þeir Ásgeir Bjarnason í Knaranesi, síra Kristinn Danielsson og Þórður Þórðarson á Rauðkollsstöðum voru kosnir í.

10. Forseti skýrði frá því, að úrskurðir amtsráðsins á sýslusjóðsreikningi Dalasýslu fyrir 1895 um þær 9 kr., sem þá hefðu verið oftaldar til jafnaðar gjaldamegin í reikningnum, væri nú fullnægt, þar sem þær nú væru taldar með tekjum í reikningnum fyrir 1897.

Aftur á móti var eigi fullnægt enn þeim úrskurði amtsráðsins á reikningnum fyrir 1895 (7. gr.), sem gekk út á það, að gjaldliður 11 í reikningnum um útborgun 50 kr. til manns eins fyrir ferð á þingvallafund 1895 skyldi falla niður, með því að slík greiðsla væri ekki samkvæm gildandi lögum, og hafði

97. verið svo ákveðið, að oddviti nefndarinnar skyldi annast um, að upphæðin yrði borguð sýslusjóði og talin með tekjum í reikningnum fyrir 1896.

Forseti minntist svo ennfremur á þær ráðstafanir, sem bæði amtsráðið og hann sjálfur hefðu gjört til þess, að hinar áður nefndu 50 kr. yrðu endurborgaðar sýslusjóðnum.

Eftir nokkrar umræður um þetta mál vildi amtsráðið leyfa, að það mætti eftir atvikum standa við það, sem komið væri í þessu máli, en ráðið lýsti því jafnframt yfir, að slík útgjöld úr sýslusjóði mættu ekki eiga sjer stað framvegis.

11. Forseti skýrði svo frá að úrskurðum amtsráðsins á sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðs reikningunum fyrir 1896 væri fullnægt.
12. Forseti lagði fram sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðs reikningana úr öllum sýslum amtsins fyrir 1897, sem hann hafði yfirfarið samkvæmt 41. gr. tilsk. 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi, og gjört ýmsar athuganir við, að undanteknum sýsluvegasjóðsreikningnum úr Dalasýslu, sem kom við fundarbyrjun til forseta, er svo fól amtsráðsmanninum úr Vestur Ísafjardarsýslu að yfirfara hann. Ennfremur voru framlagðar athugasemdir, sem endurskoðendur í héraði höfðu gjört við reikningana, og svör reikningshaldara.

Amtsráðið úrskurðaði þar næst reikningana.

13. Endurskoðendur lögðu fram:

a,	reikning	yfir	tekjur	og	gjöld	jafnaðarsjóðsins
b,	—	—	—	—	—	búnaðarskólasjóðsins
c,	—	—	—	—	—	búnaðarsjóðsins, og
d,	—	—	—	—	—	bókasafnsins, og

voru allir þessir reikningar samþykktir án athugasemda.

14. Þá voru framlögð og yfirfarin eptirfylgjandi endurrit af gjörðabókum sýslunefndanna:

- A. Ur Strandasýslu frá 13.—16. apríl þ. á.,
- B. — Norður Ísafjardarsýslu frá 18.—19. marz þ. á.,
- C. — Vestur Ísafjardarsýslu frá 14.—15. apríl þ. á.,
- D. — Vestur Barðastrandarsýslu frá 4.—5. maí þ. á.,
- E. — Austur Barðastrandarsýslu frá 1.—4. apríl þ. á.,

Framlagt var erindi frá sýslunefndarmanni síra Guðmundi Guðmundssyni, dags. 7. þ. m., þar sem hann óskar álits amtsráðsins um það, hvort löglega hafi verið efnt til síðasta sýslufundarins í Austur-Barðastrandarsýslu og eftir því, að ráðið sjái svo til að ekkert fje verði veitt af sýsluvega- eða sýslussjóði til brúargjörðar á Vattardalsá, fyr en áætlun væri gjörð um kostnaðinn og trygging tengin fyrir því, að verkið yrði vel af hendi leyst og að frumvarp til fjallskilareglu-gjörðar fyrir sýsluna yrði eigi staðfest að sinni.

Amtsráðið ályktaði að vísa til ákvæðis þess, sem 33. gr. tilsk. 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi, hefir inni að halda, að því leyti, er snertir fundarstað sýslunefnda.

Um brúargjörð á Vattardalsá var forseta falið að leita umsagnar

sýslumanns og þar eptir gjöra út um það, hvort amtsráðið gæti leyft fyrirhugaða fjárveitingu úr sýslusjóði til brúarinnar. **97**

Að því leyti, er snertir fjallskilareglugjörðarfrumvarpið, þá lægi það nú fyrir til staðfestingar eða synjunar um staðfesting.

F. Úr Dalasýslu frá 6. apríl, 3. og 4. maí þ. á. og 2. þ. m.,

G. — Snæfellsness- og Hnappadalssýslu frá 26.—27. apríl þ. á.

H. — Mýrasýslu frá 26.—27. apríl þ. á

15. Samkvæmt beiðni sýslunefndarinnar í Vesturbarðastrandarsýslu samþykkti amtsráðið, að jafna mætti niður 800 kr., sem sýslusjóðsgjaldi þar fyrir yfirstandandi ár, en sú upphæð, sem mátti jafna niður, er 608 kr. 88 a.
16. Samkvæmt beiðni sýslunefndarinnar í Austurbarðastrandarsýslu samþykkti amtsráðið sömuleiðis 700 kr. niðurfjöfnun fyrir yfirstandandi ár, en sú upphæð, sem mátti jafna niður, nemur 678 kr. 24. a.
17. Amtsráðið staðfesti þá ályktun sýslunefndarinnar í Dalasýslu, að vegurinn yfir Laxárdalsheiði (þar í sýslunni) og vegurinn yfir Haukadalsskarð skyldu falla úr tölu sýsluvega, og enn fremur þá ákvörðun nefndarinnar, að vegur frá Þorbergsstöðum um Kamsnes að Búðardal og þaðan að Ljaskógum skyldi vera sýsluvegur.
18. Samkvæmt 6. gr. laga 26. febr. 1898 um horfelli á skepnum, eiga amtsráðin að semja fyrirmynd fyrir skýrslum þeim, sem hreppstjórar eiga að senda sýslumanni árlega um skoðanir þær, sem samkvæmt 2. gr. laganna eiga að framfara tvisvar sinnum árlega (í nóvember og á tímabilinu frá 15. marz til sumarmála) á búpeningi og fódurbirgðum hreppsþúa.

Amtsráðið fól forseta að búa til slíkar fyrirmyndir og láta prenta eyðublöð undir skýrslur þessar til útbýtingar á kostnað amtssjóðs.

19. Amtsráðið ályktaði að leggja sýslunefndum fyrir, að semja sjerstaka reikninga yfir brúargjörðargjald það, sem heimilað er með lögum 26. febr. 1898, um sjerstakt gjald til brúargjörða, ef slíkt gjald skyldi verða innheimt.
20. Með skírskotun til ályktunar amtsráðsins á fundi þess 9. og 10. júní f. á., viðvíkjandi fyrirhugaðri breytingu á 6. gr. í reglugjörð fyrir Strandasýslu um refaeyðingar o. fl. 14. júlí 1893, (Stjórnartíðindi 1897 B. bls. 112) var nú lagt fram frumvarp til reglugjörðar um breyting á reglugjörð fyrir Strandasýslu 14. júlí 1893, um refaeyðingar, notkun upprekstrarlands, fjallskil, rjettahöld og fleira, sem sýslunefndin hafði samþykkt, og sem hún óskar staðfest, og staðfesti og löggilti amtsráðið þessa breytingu til þess að öðlast gildi 1. sept. 1898.
21. Samkvæmt brjefi landshöfðingja, 21. sept. 1895, viðvíkjandi eptirliti af hálfu amtsráðanna með því, að lögum 11. júní 1890, um styrktarsjóði handa alþýðufólki, væri framfylgt sem bæri, ljét forseti uppi svolátandi skýrslu samkvæmt gjörðabókaendurritunum:
 - A. Strandasýsla. Að því, er Strandasýslu snertir, var eptir brjefi sýslumannsins, dags. 20. nóv. f. á., bætt úr því, sem ábótavant hafði verið við árslok 1896. Að því leyti, er snertir árið 1897, var allt í lagi.

97

- B. Norður- og Vesturísafjarðarsýslur. Eptir skýrslu sýslumanns, dags. 20. okt. f. á., var allt í lag komið, sem ábótavant hafði verið við árslok 1896. Sömu leiðis var allt í lagi að því leyti, er snerti árið 1897. Þar að auki var framlögð yfirlitsskýrsla, snertandi báðar sýslurnar, sem sýndi, hvað hver hreppur átti í sjóði við árslok 1897.
- C. Vestur- og Austurbarðastrandarsýslur. Eptir skýrslu sýslumanns, dags. 7. okt. f. á., voru þær skýrslur framkomnar fyrir árið 1896, sem vantað hafði, úr Múlahreppi og Flateyjarhreppi í Austurbarðastrandarsýslu. — Skýrslur fyrir árið 1897 voru komnar til sýslunefndar úr öllum hreppum í Vesturbarðastrandarsýslu, en vantaði frá Geiradalshreppi, Reykhólahreppi og Eyjahreppi í Austurbarðastrandarsýslu. Sýslunefndin þar hafði falið oddvita sínum, að ganga eptir skýrslunum, og vænti amtsráðið, að skýrsla um, að allt væri í lagi yrði send forseta sem allra fyrst.
- D. Dalasýsla. Forseti skýrði frá, að honum hefði eigi enn tekizt að fá fullnægjandi skýrslur um meðferðina á alþýðustyrktarsjóðunum í Dalasýslu fyrir 1895, nje heldur að því leyti, er snerti árið 1896, nánari skýring um, hvað meint væri með svolátandi bókun í gjörðabókarútskriptinni, viðvikjandi fundarhaldi nefndarinnar 6. og 7. maí f. á.: »Lagðir voru fram styrktarsjóðsreikningar úr sýslunni, og voru þeir samþykktir«. Forseti hafði skrifað sýslumanninum hjer að lútandi 22. ágúst 1896, 12. apríl, 18. maí og 14. des. f. á., og 25. maí þ. á. Sýslumaðurinn, sem var á fundi amtsráðsins, sem amtsráðsmaður Dalasýslu, skýrði frá, að allir reikningarnir fyrir 1896 og þar á undan væru komnir. Að því leyti, er snerti árið 1897, vantaði samkvæmt gjörðabókarútskriptinni, viðvikjandi fundi sýslunefndarinnar 3. maí þ. á., skýrslur úr Hörðudalshreppi, Haukadalshreppi og Saurbæjarhreppi.
- E. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla. Hin vantandi skýrsla úr Neshreppi innan Ennis fyrir 1896 var innkomin, samkvæmt framlagðri skýrslu sýslumanns, dags. 17. ágúst f. á.
- Að því leyti, er snerti árið 1897, höfðu reikningar úr öllum hreppum sýslunnar verið framlagðir og yfirskoðaðir á síðasta aðalfundi nefndarinnar og voru yfir höfuð í bezta lagi.
- F. Mýrasýsla. Eptir brjefi sýslumannsins, dags. 31. f. m., sem var framlagt, voru allir reikningar komnir fyrir árið 1897.
- Eptir lögum 18. des. 1897 um breyting á lögum 11. júlí 1890 um styrktarsjóði handa alþýðufólki, er amtsráðunum nú gjört að skyldu að hafa eptirlit með því, að ákvæðum laga um nefnda sjóði sje hlýtt.
- Út af þessu lagði amtsráðið sýslumönnum fyrir, að senda forseta ráðsins fyrir maímánaðarlok hvert ár skýrslu, sem sýndi, hvað hver hreppur ætti inni í Söfnunarsjóði við undanfarin árslok.
22. Forseti lagði fram frumvarp til reglugjörðar um fjallskil fyrir Austurbarðastrandarsýslu, eyðingu refa og fleira, sem sýslunefndin þar hafði samþykkt, og óskað staðfestingar á.

Amtsráðið sá sjer eigi fært að staðfesta frumvarp þetta, þar sem 35. gr.

þess kæmi í bága við 1. gr. laga 24. nóv. 1893, um breyting á 3. gr. laga 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda. **97**

23. Forseti lagði fram aptur erindi Torfa J. Tómassonar í Ólafsvík, dags. 1. júní 1897 (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 9. og 10. júní f. á., Stjórnartíðindi 1897, B. bls. 114), þar sem hann ber sig upp undan meðferð hreppnefndarinnar í Neshreppi innan Ennis og sýslunefndarinnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu á kærðu hans yfir útsvari því til sveitar, sem á hann hefur verið lagt haustið 1895, og fer þess á leit, að amtsráðið færi upp útsvar Jóns borgara Árnasonar, en sitt niður; voru nú komin hin heimtuðu álit frá hreppsnefnd og sýslunefnd og öll skjöl málsins.

Amtsráðið áleit eptir að hafa rannsakað þetta mál, að Torfi J. Tómasson hefði ekki að neinu leyti fylgt þeim reglum, sem menn ættu að fara eptir, þegar menn vildu áfrýja til sýslunefndar úrskurði hreppsnefndar um sveitarútsvar, og væri rjettur hans alls eigi fyrir borð borinn, hvorki af hreppsnefnd nje af sýslunefnd. Að því leyti er snerti beiðni kærandsins um, að amtsráðið breyti útsvars-upphæðum hans og Jóns Árnasonar, þá vísar amtsráðið þessu kærutíði frá sjer, þar sem úrskurðir sýslunefnda um útsvars-kæru eru endilegir samkvæmt lögum 9. jan. 1880, um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872.

24. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Strandasýslu, dags. 25. apríl þ. á., þar sem hann skýrir frá því, að sýslunefndin óski eptir leyfi eða samþykki amtsráðsins til þess að mega taka lán, að upphæð 1000 kr., af þeirri 30,000 kr. upphæð, sem samkvæmt 21. gr. fjárlaganna 1898—99 má verja til lánveitinga til sveitafjelaga, til handa sjera Arnóri Árnasyni á Felli, sem hefir leitað fulltingis sýslunefndarinnar í þessu efni, og tjáð sig hafa í hyggju að leita leyfis til þess, að fá lán þetta sem embættislán eða upp á prestakallið.

Amtsráðið leyfði þessa lántöku sýslunefndarinnar.

25. Forseti lagði enn fremur fram annað brjef sýslumannsins í Strandasýslu, dags. 25. apríl þ. á., um samskonar lántöku, að upphæð 1000 kr., sem 3 bændur í Fellshreppi æskja eptir, sem sje, Guðjón alþingismaður Guðlaugsson, Jón Þórðarson og Sigurður Magnússon.

Amtsráðið samþykkti þetta.

26. Nefnd sú, sem kosin var til þess, að segja álit sitt um væntanlega hluttekningu Vesturamtsins í allsherjarbúnaðarfjelagi fyrir allt landið, lagði það til, að amtsráðið samþykkti hið framkomna frumvarp til laga fyrir slíkt fjelag, þannig að tillag amtsins til fjelagsins yrði allt að því 400 kr. á ári og að Vesturamtið tæki þátt í fjelaginu, með því skilyrði, að af hinum ömtunum gengi eigi fleiri úr hluttöku í fjelaginu en eitt. Jafnframt fól amtsráðið forseta sínum að semja við stjórn Búnaðarfjelags Suduramtsins um upphæð tillagsins.
27. Nefnd sú, sem kosin var til þess að segja álit sitt um væntanlegt frumvarp til nýrra laga um mótvarnir gegn fjárkláða, lagði það til, að önnur breyting yrði eigi gjörð á hinum núgildandi lögum í þessu efni, en sú, að amtmaður

97

í samráði við amtsráð fengi vald til að fyrirskipa almennar skoðanir á fje, baðanir og sötthreinsun fjárhúsa, þegar þörf þætti á vera, og að ráðin semdu reglur um framkvæmdir þessara fyrirskipana hvert fyrir sitt amt.

Amtsráðið fjellst á þessa nefndartillögu.

28. Amtsráðið samþykkti þá ályktun sýslunefndarinnar í Dalasýslu, að hún mætti veita allt að því 300 kr. úr sýslusjóði til brúargjörðar á Tunguá í Miðdalahreppi gegn því, að hreppsþúar legði til eins mikið.
29. Amtsráðið fjellst á það, að forseti hefði leyft sýslunefndinni í Strandasýslu að taka 3200 kr. lán úr landssjóði, sem sje 2500 kr. fyrir hönd sýslusjóds og 700 kr. fyrir hönd tveggja hreppa, til móts við 5000 kr. styrk þann úr úr landssjóði, sem veittur er sýslufjelaginu með fjárlögunum 1898—99, 12. gr. B. 7 a. til sýsluvegabóta. Lánið var veitt með brjefi landshöfðingja, dags. 25. f. m., og á að endurborgast á 15 árum.
30. Samskonar lánbeiðni upp á 1000 kr., sem verja skyldi til móts við 2000 kr. styrk úr landssjóði, hafði einnig legið fyrir frá sýslumanninum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, og skýrði forseti frá, að hann hefði leyft lántöku þessa upp á væntanlegt samþykki amtsráðsins, þannig að lánið endurborgaðist á 10 árum.
31. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dags. 31. f. m., og þar með fylgjandi erindi sjera Einars prófests Friðgeirssonar á Borg, dags. 10. f. m., þar sem hann sem sýslunefndarmaður og samkvæmt því, sem sýslunefndin í Mýrasýslu hafði falið honum, fer þess á leit, að amtsráðið vilji með meðmælum sínum koma þeirri beiðni sýslunefndarinnar á framfæri við landshöfðingja, að hann vildi hlutast til um það við stjórnina, að frumvarp til laga yrði lagt fyrir alþingi þess efnis, að þjóðvegur yrði ákveðinn frá Borgarnesi vestur yfir Mýrarnar, til að byrja með ekki skemur en vestur fyrir Hitará, með endastöð annað hvort á Búðum eða Stykkishólmi.

Amtsráðið ályktaði að fela forseta sínum að mæla með málaleitun þessari.

32. Með brjefi, dags. 20. febr. 1896, veitti landshöfðingi af fje því, sem ræðir um í fjárlögunum fyrir 1896—97 12. gr. B. d., allt að 400 kr. til þess að varða þá staði, sem villigjarnastir væri á Ófeigsfjarðarheiði, og var það tekið fram í brjefi þessu, að meira fje gæti eigi orðið veitt að svo stöddu. Á árinu 1896 var svo unnið að vörðuhleðslu þessari fyrir 260 kr., og á árinu 1897 fyrir 90 kr. eða alls 350 kr.

Forseti lagði nú fram brjef sýslumannsins í Strandasýslu, dags. 25. apríl þ. á., þar sem hann skýrir frá, að til sýslunefndarinnar hafi komið ósk frá hreppsnefndinni í Árneshreppi um, að sýslunefndin vilji mæla með því við landshöfðingja, að hann veitti um 50 kr. úr landsjóði til þess að framhalda vörðuhleðslu á heiðinni. Meðmælum sýslunefndar hafði svo verið beint til amtmanns, sem fann nú ástæðu til að leggja beiðni þessa fyrir amtsráðið, sem hafði stutt að því, að hin fyrri fjárveiting fjekkst, til þess að ráðið legði meðmæli sín með hinni fyrirbyggjandi fjárbeiðslu.

Amtsráðið ályktaði, að mæla sem bezt fram með málaleitun þessari,

33. Ennfremur var lagt fram brjef sýslumannsins í Strandasýslu, dags. 25. apríl þ. á., viðvíkjandi þeirri ósk sýslunefndarinnar, að landshöfðingi vildi veita 100 kr. til þess að gjöra við slæma torfæru á fjallveginum yfir Hauka-dalsskarð. Amtsráðið ályktaði að mæla með þessu.
34. Amtsráðið staðfesti þá ákvörðun sýslunefndarinnar í Strandasýslu, að sýslu-vegurinn, sem nú liggur út grundinnar fyrir utan Kollafjarðarnes, yrði færð-ur þaðan upp á svo nefnd Bugabörð eða þjett upp að þeim.
35. Amtsráðið samþykkti þá ályktun sýslunefndarinnar í Norðurisafjardarsýslu, að verja mætti á yfirstandandi ári 550 kr. af sýsluvegagjaldi sýslunnar til gufubátsterða um Ísafjardardjúp.
36. Amtsráðið samþykkti ennfremur, að sýslunefndin í Vesturísafjardarsýslu tæki allt að því 1000 kr. lán upp á sýsluvegasjóð á komanda sumri til ýmsra nauð-synlegra vegabóta.
37. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, dags. 4. apríl þ. á., þar sem hann af tilgreindum ástæðum fer þess á leit, að amtsráðið vildi breyta þeirri ályktun, sem það hefði gjört á fundi sínum 14. og 15. júní 1895 (Stjórnartíðindi 1895 B. bls. 181.), að sýslumenn skyldu halda aðalfund sýslunefndanna svo tímanlega á ári hverju, að allar afgreiðsl-ur snertandi amtsráðið, reikningar og endurrit af gjörðabókum yrðu komn-ar til forseta ráðsins fyrir lok aprílmánaðar ár hvert, í þá átt, að sýslumenn þyrfti eigi að halda aðalfundi sýslunefndanna, fyr en svo, að nefndar af-greiðslur væri komnar til forseta amtsráðsins fyrir miðjan maí. Amtsráðið fól forseta sínum að veita undanþágur frá þeirri reglu, sem það hafði sett 1895, eptir því sem honum þætti nauðsynlegt.
38. Forseti lagði fram erindi, dags. 30. apríl þ. á., frá þeim kvennmönnum, sem standa fyrir hússtjórnarskólanum í Reykjavík, þar sem þær sækja um dá-lítinn fjárstyrk handa nefndum skóla. Amtsráðið sá sjer eigi fært að veita hinn umbeðna styrk.
39. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, dags. 17. ágúst f. á., þar sem ákveð-id er, að dýralæknirinn í Suður- og Vesturamtinu skuli hafa bústað sinn í Reykjavík.
Í annan stað hafði landshöfðinginn fallizt á þá tillögu amtsráðanna í Vesturamtinu og Suðuramtinu, að fresta skyldi að semja erindisbrjef handa dýralækninum.
40. Framlagðir voru reikningar og skýrslur kvennaskólans í Reykjavík fyrir 1897—98, og veitti amtsráðið skólanum í þetta skipti 100 kr.
41. Framlögð var bænarskrá frá búfræðing Guðmundi Bergssyni á Fjarðarhorni um styrk til utanferðar til þess að nema vatnsveitingar og sandgræðslu. Ráðið sá sjer eigi fært að veita slíkan styrk.
42. Forseti lagði fram reikning um viðskipti amtsins og búnaðarskólans í Ólafs-dal 1897—98 og prentaða skýrslu um sama skóla fyrir 1889—1897 og skýrslu um bókasafn skólans og lærisveina; hafði forseti sent amtsráðsmönnum á síðastliðnum vetri eitt eintak af skýrslunni. Ennfremur var framlagt brjef

97

skólastjóra, dags. 3. þ. m., þar sem hann lofar að senda skýrslu um kennslu á skólanum fyrir umliðið skólaár.

Forseti skýrði frá því, að hann eptir amtsráðsfundinn 9. og 10. júní f. á., hefði veitt einum pilti aðgang að skólanum upp á væntanlegt samþykki amtsráðsins. Þannig hefðu piltarnir orðið 12 alls, 6 í efri og 6 í neðri deild, og hefði forseti borgað meðgjöfina með nefndum pilti, 250 kr., úr búnaðarsjóði Vesturamtsins. Amtsráðið samþykkti þetta.

Tala pilta á skólaárinu verður þannig 12, og ályktaði amtsráðið með hliðsjón af því að verja til Ólafsdalsskólans fyrir skólaárið 1898—99:

1. Meðgjöf með 6 piltum í efri deild	900 kr.	
2. Meðgjöf með 6 piltum í neðri deild	1500 —	
3. Laun forstöðumanns	800 —	
4. Laun aðstoðarkennara	350 —	
5. Til verkfærakaupa og áhalda	100 —	
6. Til prófdómenda	50 —	
7. Til bókakaupa	50 —	3750 kr.

Og skyldu ganga til þess:

- | | | |
|---|----------|--------|
| 1. Styrkur úr landssjóði | 2500 kr. | |
| 2. Styrkur úr búnaðarskólasjóði | 1000 — | |
| 3. Styrkur úr búnaðarsjóði | 250 — | 3750 — |
43. Þá var framlagt brjef sýslumannsins í Dalasýslu, dags. 2. þ. m. þar sem skýrt er frá því, að sýslunefndin hefði gjört þá breytingu frá því, sem af ráðið hefði verið í fyrra, um lán til tövinnuvjelastofnunar í Ólafsdal, að lánið skyldi vera 7500 kr., þannig að sýslufjelagið fengi tryggingu fyrir 5000 kr. í vjelunum og húsum stofnunarinnar, en fyrir 2500 kr. í jörðum eftir söluverði þeirra, og að sýslunefndin í Strandasýslu gæfi sömu kjör. Jafnframt var þess farið á leit, að amtsráðið samþykkti þetta.

Amtsráðið veitti samþykki sitt til þessa.

44. Þá var rædd og samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins fyrir 1899.

Tekjur:

1. Væntanlegar eptirstöðvar	kr. 1400,00	
2. 2. afborgun upp í lán Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal 600 kr. og rentur 494 kr.	— 1094,00	
3. Jafnaðarsjóðsgjald	— 1921,67	kr. 4415,67

Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið	kr. 1000,00	
2. Kostnaður samkvæmt 3. gr. laga 2. okt. 1891, um skipun dýralækna á Íslandi	— 200,00	
3. Til amtsbókasafnsins	— 400,00*	
4. 5. afborgun upp í og vextir af bankaláninu frá 28/6 1895	— 521,67	

Flutt kr. 2121,67

Fluttar kr. 2121,67

97

- | | | | | |
|----|---|---|---------|-------------|
| 5. | 2. afborgun uppi og rentur af bankaláninu frá 14/4 1896 | — | 1094,00 | |
| 6. | Ferðakostnaður | — | 200,00 | |
| 7. | Ýmislegt | — | 300,00 | |
| 8. | Eptirstöðvar | — | 700,00 | kr. 4415,67 |

Það sem má jafna niður án samþykkis landshöfðingja er 1722 kr. 29 a., og ályktaði amtsráðið að leita samþykkis landshöfðingja til þess að jafna niður 1921 kr. 67 a.

45. Amtsráðið ályktaði, að veita 10 kr. fyrir fundarhús og 20 kr. til skrifara á fundinum.

Fleiri mál komu eigi til umræðu og var svo fundi slitið.

Íslands Vesturamt, 21. júlí 1898.

J. Havsteen.

*) *Aths.* Amtsráðið vildi samt binda þessa fjárveitingu því skilyrði, að mönnum utan Stykkishólms gæfist kostur á að fá bækur til láns veturinn yfir, eptir því, sem nánar yrði ákveðið af forseta ráðsins.

Skýrsla

98

um aðalfund amtsráðsins í Norðuramtinu 1898.

Ár 1898, miðvikudaginn hinn 15. júní, var aðalfundur amtsráðs Norðuramtsins settur og haldinn á Akureyri af amtmanni Páli Briem, varaamtsráðsmanni Húnavatnssýslu síra Stefáni Jónssyni á Auðkúlu í forföllum umboðsmanns B. G. Blöndals, amtsráðsmanni Skagafjardarsýslu, umboðsmanni Ólafi Briem á Áltgeirsvöllum, varaamtsráðsmanni Eyjafjardarsýslu, kaupmanni Magnúsi Sigurðssyni á Grund, í forföllum Stefáns kennara Stefánssonar á Möðruvöllum og amtsráðsmanni Sudurþingeyjarsýslu, síra Árna Jónssyni, prófasti á Skútustöðum.

Á fundinum komu þessi mál til umræðu:

1. Samþykktar voru kosningar þessara manna: Ólafs umboðsmanns Briems, sem aðalamtsráðsmanns Skagafjardarsýslu og dbrm. Einars Guðmundssonar á Hraunum, sem varaamtsráðsmanns sömu sýslu, og prófests Árna Jónssonar á Skútustöðum, sem aðalamtsráðsmanns Sudurþingeyjarsýslu, og síra Árna Jóhannessonar í Grenivík, sem varaamtsráðsmanns sömu sýslu.
2. Forseti lagði fram reikninga yfir tekjur og gjöld eptirfylgjandi sjóða 1897 með fylgiskjöllum:
 - a. Jafnaðarsjóðs Norðuramtsins.
 - b. Búnaðarsjóðs Norðuramtsins.
 - c. Styrktarsjóðs fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjardarsýslu og Akureyrarkaupstað.
 - d. Amtsbókasafns Norðuramtsins.